

## AUGLÝSING

### um niðurfellingu svæðisskipulags Mýrasýslu 1998-2010.

Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. c-lið 6. tl. 65. gr. laga nr. 160/2010, hefur Skipulagsstofnun þann 3. mars 2011 fallist á breytingu á svæðisskipulagi Mýrasýslu 1998-2010, frá 23. maí 2000.

Breytingin tekur til alls lands innan núverandi Borgarbyggðar nema fyrrverandi Borgarfjarðar-sveitar og Kolbeinsstaðahrepps og felst í niðurfellingu svæðisskipulagsins í heild og þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á því.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð breytingartillögu verið unnin í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 en þar sem samvinnunefnd hafði ekki sent breytinguna til Skipulagsstofnunar samkvæmt 4. mgr. 13. gr. og 14. gr. skipulags- og byggingarlaga, fyrir gildisstöku skipulagslaga nr. 123/2010, er niðurfelling svæðisskipulags Mýrasýslu 1998-2010 staðfest af Skipulagsstofnun samkvæmt nýjum lögum.

*Skipulagsstofnun, 4. mars 2011.*

**Stefán Thors.**

\_\_\_\_\_  
*Erna Hrönn Geirsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 18. mars 2011